

Nd.

552. Frumvarp til laga

[161. mál]

um lán til hraðfrystihúsa og um afnám laga nr. 38 1948 um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sig. Ágústsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Lög nr. 38 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Helmingi þeirra tekna, sem renna í Fiskveiðasjóð Íslands vegna ákvæða 1. gr. á árunum 1951—55, skal þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34 1943 lánað gegn síðari veðrétti til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Til hvers hraðfrystihúss má þó ekki lána hærri upphæð en 25% af stofnkostnaði þess, og ekki hærri en svo, að áhvílandi lán samtals fari ekki fram úr 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Til lánveitinga samkvæmt 2. gr. er Fiskveiðasjóði Íslands heimilt að taka allt að 5 millj. kr. bráðabirgðalán, sem ríkissjóður ábyrgist, en endurgreiðist ásamt vöxtum af útflutningsgjaldi því, er lána skal samkv. sömu grein, jafnóðum og það er greitt til sjóðsins.

4. gr.

Lán samkv. 2. gr. eru afborgunarlaus og vaxtalaus fyrstu tvö árin, en endurgreiðast síðan á 12 árum með jöfnum afborgunum og 2½% vöxtum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga (nr. 38 1948) er saltfiskur undanþeginn útflutningsgjaldi. Þegar þau ákvæði voru sett, var mjög lítill útflutningur á saltfiski og skipti því litlu máli fyrir Fiskveiðasjóð Íslands, sem gjaldsins nýtur. En nú, þegar mikill hluti aflans er saltaður, hafa þau í för með sér mjög tilfinnanlega tekjurýrnun fyrir sjóðinn, og eins og sakir standa, virðist ekki ástæða til að undanþiggja saltfisk gjaldinu fremur en t. d. freðfisk og sumar aðrar útfluttar sjávarafurðir. Þer þess þá jafnframt að gæta, að starfsemi Fiskveiðasjóðs er mjög mikilsverð fyrir sjávarútveginn, sérstaklega vélbátaflotann og fyrirtæki, sem að því vinna að gera afurðir hans markaðshæfar. Í frv. er því lagt til (í 1. gr.), að útflutningsgjald af saltfiski verði hið sama og af öðrum sjávarafurðum. Hefur stjórn Fiskveiðasjóðs óskað þessa í bréfi til sjávarútvegsnefnda Alþingis.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að helmingi þess tekjuauka, sem Fiskveiðasjóður fær samkv. 1. gr., verði í næstu 5 ár varið til að veita lán út á síðari veðrétt til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á árunum 1945—50, og að taka megi bráðabirgðalán til lánveitinganna, unz tekjurnar innheimtast. Með lögum um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., er sett voru á síðasta Alþingi (11. gr.), var lögfest allhátt framleiðslugjald á aflaverðmæti nýju togaranna, og skyldi að verulegu leyti verja því í lán til hraðfrystihúsa þeirra, er fyrr voru nefnd og ekki hafa fengið stofnlán, er þeim var heitið á sínum tíma. Þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa hingað til verið í góðri trú á, að með þessum hætti yrði bætt úr vandræðum þeirra. Nú hefur framleiðslugjald þetta verið afnumið vegna hinna nýju kjarasamninga togarautgerðarinnar. Verður því að neyta nýrra ráða til þess, að ekki verði í annað sinn vegið í hinn sama knérunn og gengið á hlut hraðfrystihúsanna. Með ákvæðum 2.—4. gr. frv. er gerð tilraun í þessa átt, þótt skemmra gangi en æskilegt væri. Er gengið út frá, að þau lán, sem hér er um að ræða, verði tryggð með næsta veðrétti á undan veðrétti Fiskimálasjóðs í hraðfrystihúsunum.

Það skal tekið fram, að flm. ætlast ekki til, að útflutningsgjald verða greitt af saltfiski, sem framleiddur var á árinu 1950, og munu fylgja því, að ákvæði þess efnis verði sett í frv., ef þess telst þörf.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 17. október 1950.

Eins og kunnugt er, hefur Fiskveiðasjóður ekki annað fé til starfsemi sinnar — umfram sinn litla höfuðstól — en útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald. Á þeim lögum var hins vegar sú breyting gerð með lögum nr. 38 5. apríl 1948, að saltfiskur var undanþeginn útflutningsgjaldinu. Nú er vitanlegt, að saltfiskverkun eykst stórum í ár og það svo, að verulegur hluti af fiskafli landsmanna verður seldur þannig verkaður og líkur til, að svo verði einnig framvegis.

Af þessu leiðir, að útflutningsgjaldið minnkar mjög verulega þegar á þessu ári og þar með tekjur Fiskveiðasjóðs. Leiðir þá einnig af sjálfu sér, að möguleikar sjóðsins til nýrra lánveitinga minnka að sama skapi, og er óþarft að geta þess, að við því má hvorki vélbátaflotinn né fiskiðnaðar- og verkunarstöðvar.

Svo einkennilega vill til, að einmitt nú er mjög sótt til Fiskveiðasjóðs um aðstoð til þess að koma upp fiskþurrkunarhúsum, en þar verður fiskurinn svo verkaður á þann hátt, að hann fellur undan hinu lögboðna útflutningsgjaldi til eflingar sjóðnum. Að sjálfsögðu mun sjóðurinn styrkja þá starfsemi eftir mætti, þar sem þess er sannanleg þörf, en hann leyfir sér að henda á þetta ósamræmi, jafnframt því sem hann leiðir athygli háttv. nefndar að hinu breytta viðhorfi og afleiðingunum af því, ef ekki verður úr bætt.

Hér með fylgir tillaga um útflutningsgjald af saltfiski í frumvarpsformi.

Virðingarfyllst.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ásg. Ásgeirsson.

Valtýr Blöndal.

Helgi Guðmundsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.